



Leikskólinn Hjalli

Skýrsla unnin fyrir menntamálaráðuneytið

Björk Ólafsdóttir
Sigríður Sigurðardóttir

Júní 2008

Matssamantekt

Við mat á starfi leikskólans Hjalla var skoðað hvort að starfsemi hans væri í samræmi við aðalnámskrá leikskóla þar sem hún er lögum samkvæmt sú faglega stefnumörkun um uppeldis- og menntunarhlutverk sem íslenskum leikskólum bera að fylgja.

Úttektin leiddi í ljós að á Hjalla er unnið gott og metnaðarfullt uppeldisstarf sem uppfyllir í meginatriðum þær áherslur sem fram koma í aðalnámskrá leikskóla. Markvisst er haldið utan um að öllum námssviðum samkvæmt aðalnámskrá sé sinnt. Starfið í leikskólanum endurspeglar vel námskrá leikskólans og hugmyndafræði. Styrkur leikskólans felst í góðri stjórnun og skýrum starfslýsingum sem veita starfsfólki öryggi og festu. Börnin eru að sjá ánægð í leikskólanum og hafa góðan og samfelldan tíma í frjálsan leik. Starfsandinn á leikskólanum er góður og samskipti milli starfsfólks, við börnin og foreldra einkennast af gleði, jákvæðni og samkennd. Foreldrasamstarfi er vel sinnt og foreldrarnir eru ánægðir með áherslurnar í leikskólasterfinu og þjónustu skólans. Sjálfsmat leikskólans er vel á veg komið. Helstu ábendingar um það sem betur má fara felast í nokkurri starfsmannaveltu meðal leiðbeinenda þar sem tíma tekur að þjálfa fólk og mennta í stefnunni. Lögð er áhersla á að fyrirhuguð kaup á tölum til notkunar fyrir börnin komi til framkvæmda og að hugað sé að því hvernig gera megi bækur sýnilegri í starfinu. Vinna þarf að því að gera sjálfsmatið meira greinandi og opinbert til að mæta þörfum utanaðkomandi aðila fyrir upplýsingar. Einnig er ráðlagt að virkja starfsfólk betur í skipulagningu á sjálfsmati til að auka gagnrýna umræðu og hlutdeild starfsfólks í umbótastarfi leikskólans.

Efnisyfirlit

Matssamantekt	1
Efnisyfirlit	2
Inngangur	3
Leikskólinn Hjalli.....	3
Hugmyndafræði	4
Framkvæmd úttektar	6
Námsskrá og leikskólastarf	7
Skólanámsskrá	7
Daglegt líf í leikskólanum	9
Leikurinn.....	11
Sérþarfir barna	12
Námssvið leikskóla	12
Stjórnun og starfsumhverfi	17
Stjórnun.....	17
Starfsmannavelta	18
Fundir og boðskipti starfsmanna	18
Starfsrammi.....	19
Samskipti og starfsandi	19
Samstarf heimila og leikskóla.....	21
Foreldrasamstarf	21
Viðhorf foreldra.....	22
Tengsl leikskóla og grunnskóla.....	23
Mat og þróunarstarf.....	24
Sjálfsmat.....	24
Þróunarstarf	26
Samantekt og lokaorð	27
Heimildaskrá	31
Viðaukar	32
Viðauki 1. Minnisatriði fyrir vettvangsathugun	33
Viðauki 2. Viðtalsrammi fyrir viðtal við leikskólastjóra.....	35
Viðauki 3. Viðtalsrammi fyrir rýnihópa með leikskólakennurum og leiðbeinendum ...	37
Viðauki 4. Viðtalsrammi fyrir viðtal við Margréti Pálu.....	39
Viðauki 5. Tölvupóstur sendur á allt starfsfólk Hjalla	40

Inngangur

Í apríl 2008 fór menntamálaráðuneytið þess á leit við matsfyrirtækið Ísmat ehf. að gera úttekt á leikskólanum Hjalla í Hafnarfirði. Í bréfi frá ráðuneytinu, dagsettu 10. apríl 2008, segir að lagt skuli mat á hvort að starfsemi leikskólans sé í samræmi við ákvæði laga og reglugerða og aðalnámskrá leikskóla *með sérstakri áherslu á innra starf skólans*. Þar er ennfremur tekið fram að úttektin skuli beinast sérstaklega að tengslum aðalnámskrár við skólanámskrá Hjalla og framkvæmd bæði aðalnámskrár og skólanámskrár í daglegu starfi.

Björk Ólafsdóttir og Sigríður Sigurðardóttir matsfræðingar hjá Ísmat ehf. sáu um úttektina.

Hér á eftir verður greint frá framkvæmd úttektarinnar, aðferðum við gagnaöflun og helstu niðurstöðum. Til upplýsingar hefst skýrslan á lýsingu á leikskólanum Hjalla og þeirri hugmyndafræði sem þar er unnið eftir.

Leikskólinn Hjalli

Leikskólinn Hjalli er sjö kjarna (deilda) leikskóli staðsettur að Hjallabraut 55 í Hafnarfirði. Hjalli tók til starfa árið 1989 og var fyrsta áratuginn í rekstri Hafnarfjarðarbæjar. Árið 2000 tók Hjallastefnan ehf. við rekstri leikskólans og hefur rekið hann síðan á grundvelli þjónustusamnings við Hafnarfjarðarbæ. Leikskólinn starfar eftir lögum um leikskóla og fylgir þeim reglugerðum sem um þá gilda.

Á Hjalla eru 34 starfsmenn í tæplega 30 stöðugildum sem skiptast á sjö kjarna og eldhús. Af þeim eru tíu menntaðir leikskólakennarar, einn þroskaþjálfari og þrjár grunnskólakennarar, þrjár starfsmenn eru ennfremur menntaðir sjúkraliðar og einn er með meistara-gráðu í listsköpun. Fimm af leiðbeinendum Hjalla stunda nám í svokallaðri Hjallastefnu-brú og útskrifast sem leikskólaliðar sumarið 2008.

Þegar gagnaöflun fór fram voru í leikskólanum 145 börn á aldrinum tveggja til sex ára. Börnum er skipt á deildir eða kjarna eftir kyni. Á Bláakjarna og Grænakjarna eru eldri stúlkur og á Gulakjarna og Rauðakjarna eru eldri drengir. Á þessum fjórum eldri kjörnum

eru alls 95 börn. Yngri stúlkur eru á tveimur kjörnum, Stúlnakjarna og Yngsta kjarna og yngri drengir eru á Drengjakjarna. Alls eru börnin á yngri kjörnunum 50 talsins. Innan hvers kjarna er börnum skipt í hópa eftir aldri.

Leikskólinn er opinn frá klukkan 7:30 til 17:30 alla virka daga vikunnar. Leikskólastjóri Hjalla er Guðrún Jónsdóttir og aðstoðarleikskólastjóri er Hrund Guðmundsdóttir.

Hugmyndafræði

Leikskólinn Hjalli er móðurskóli Hjallastefnunnar sem er íslensk leið í leik- og grunnskólastarfi. Hugmyndafræði Hjallastefnunnar hefur verið í þróun síðastliðinn aldarfjórðung undir stjórn höfundarins Margrétar Pálu Ólafsdóttur sem var fyrsti leikskólastjóri Hjalla. Hugmyndafræðilegur grunnur Hjallastefnunnar er reistur á þremur meginstoðum sem eru kynjaskipting, jákvæð aga og hegðunarkennsla og opinn og skapandi efniviður (Margrét Pála Ólafsdóttir, 2008). Þessar meginstoðir byggja á sex meginreglum sem mynda undirstöðu alls Hjallastefnustarfs.

Kynjaskipting. Fyrsta meginreglan leggur áherslu á að mæta hverju barni eins og það er og viðurkenna ólíkar þarfir og áhuga einstaklinga. Þetta tengist þeirri hugmyndafræði að kynin séu ólík og því þurfi að beita ólíkum vinnubrögðum og nálgunum fyrir hvort kyn. Því er nemendum skipt á kjarna eftir kyni. Með því er hugmyndin að leyfa stelpna- og strákameningu að njóta sín en um leið er unnið markvisst að því að stokka upp hefðbundnar staðalímyndir og kynhlutverk til þess að einstaklingar af báðum kynjum fái notið sín á eigin forsendum. Þannig fær hvort kyn uppbót á sviðum sem þau hafa lítið þjálfað vegna kynferðis. Lítið er á að stúlkur þarfnist einkum einstaklingsþjálfunar og með þeim þurfi að efla sjálfstæði, jákvæðni, kjark og frumkvæði. Drengir þarfnist aftur á móti eflingar og þjálfunar á sviði félagslegrar hæfni og hjá þeim þurfi að leggja áherslu á aga, framkomu, samskipti og vináttu.

Í þessum þætti hugmyndafræðinnar á kynjanámskrá Hjallastefnunnar sér rætur, en hún er innleidd í lotukennslu þar sem hver hluti hennar er tekinn fyrir á kerfisbundinn hátt í afmarkaðan tíma. Í fyrstu lotu, frá ágúst til október, er til dæmis sérstaklega unnið með aga, framkomu og hegðun og þannig er farið í gegnum alla þætti kynjanámskrárinnar yfir

skólaárið. Lotukennslan þjónar einkum þeim tilgangi að sögn stjórnenda að hjálpa nýju starfsfólki að tileinka sér námskrána en allir þættir hennar eru gegnumgangandi í starfinu allt skólaárið þó lögð sé áhersla á hvern um sig í lotum.

Þó um kynjaskiptingu sé að ræða hittast kynin reglulega í skipulögðu hópastarfi til að þjálfva vináttu, virðingu og jákvæð viðhorf gagnvart hvort öðru og hafa ánægju af samskiptunum.

Jákvæð aqa og hegðunarkennsla endurspeglar aðra meginreglu Hjallastefnunnar sem leggur áherslu á að kenna börnum aga og hegðun á jákvæðan, hlýlegan og hreinskiptinn hátt. Litið er á að agi sé að fylgja reglum sem eru þekktar, skýrar og auðskiljanlegar og fylgt eftir á sanngjarnan hátt. Þriðja meginregla fléttast inn í þennan þátt þar sem hún byggist á jákvæðni, gleði og kærleik í samskiptum við börnin, foreldrana og innan starfsmannahópsins og ennfremur sú fjórða sem beinist að því að leikskólasamfélagið sé einfalt og gagnsætt og reglur sýnilegar og áþreifanlegar svo börnin geti skilið umhverfið í samræmi við aldur sinn, þroska og getu.

Efniviður og umhverfi. Í fimmtu meginreglunni er tekið fram að leikefniviður og námsgögn skuli vera einföld til að sköpun og ímyndun barnsins fái notið sín og í þeirri síðustu kemur fram að Hjallastefnunni sé ætlað að kenna börnum að virða umhverfið með nýtni, nægjusemi og hófsemi. Ennfremur að hirða um það og endurvinna. Börnin á Hjalla vinna fyrst og fremst með opinn og skapandi efnivið sem er ekki eftirlíking raunverulegra hluta og því reynir á lausnir barnanna sjálfra í leiknum. Fjöldi barna á leiksvæði og efniviður spila saman þannig að jafn mikið er af hverju leikefni eins og börnin eru mörg og þannig er reynt að koma í veg fyrir samkeppni um hluti.

Í starfslýsingum námskrárinnar er nákvæmlega sagt til um hvernig leikskólastofurnar skulu skipulagðar og hvaða fasta leikefni eigi að vera til staðar. Á gólfum eru merkingar til að gera reglur sýnilegar og áþreifanlegar fyrir börnin og einnig til afmörkunar á leiksvæðum. Þá eru merkingar sem sýna hvernig leikefninu skuli raðað upp til að auðvelda börnunum samantekt eftir leiki. Á veggjum eru engin óþarfa áreiti og eru myndir eftir börnin til dæmis aðeins hengd upp í stuttan tíma í senn eða á þar til gerða töflu. Lista-

verkin eru höfð uppi í nokkra daga og er öðrum kjörnum og foreldrum gjarnan boðið á sýningar og þannig tryggt að athyglin á verkunum minnki ekki eða þá að þau verði fyrir hnjaski. Bæði börn og starfsfólk nota skólafatnað.

Framkvæmd úttektar

Gagnaöflun hófst í byrjun maí 2008 og stóð fram í miðjan júní sama ár. Byrjað var á að hafa samband við leikskólastjóra og koma í stutta kynningarheimsókn í leikskólann. Óskað var eftir skriflegum gögnum um leikskólastarfið til þess að fá innsýn í starfið og nota til hliðsjónar í matinu. Um var að ræða meðal annars námskrá og starfslýsingar Hjallastefnunnar, ársskýrslur og sjálfsmatsskýrslu leikskólans Hjalla, fréttabréf fyrir foreldra, samþykktir fyrir Hjallastefnuna og kynningarbæklinga um Hjalla og Hjallastefnuna. Ennfremur var stuðst við efni á heimasíðu leikskólans: www.hjalli.is/hjalli/ og var matsaðilum veittur aðgangur að fjölskyldu- og starfsmannasíðu heimasíðunnar sem eru læstar síður.

Að loknum lestri gagna var fylgst með starfi á leikskólanum og dvöldu matsaðilar tvo daga á vettvangi, hálfan dag í senn. Matsaðilar komu einnig í sérstaka heimsókn á söngfund sem alltaf er á föstudögum. Jafnhliða vettvangsathugunum voru tekin tvö viðtöl við leikskólastjóra auk þess sem óskað var eftir ýmsum tölulegum upplýsingum frá honum í gegnum tölvupóst. Ennfremur var tekið viðtal við Margréti Pálu höfund Hjallastefnunnar og var leikskólastjóri með í því viðtali. Tvö rýnihópaviðtöl voru tekin við starfsfólk Hjalla, í öðru viðtalinu var rætt við fjóra leikskólakennara og í hinu var talað við þrjá leiðbeinendur. Lagt var upp með að hafa fimm í hvorum rýnihópi til að ræða við því sem næst þriðjung starfsmanna en forföll urðu þess valdandi að það fækkaði í hópunum. Tölvupóstur var sendur á alla starfsmenn Hjalla þar sem þeir voru beðnir að meta helstu styrk- og veikleika skólastarfsins. Níu starfsmenn svöruðu.

Til að fá fram viðhorf foreldra til leikskólans sendi Védís Grönvold á mats- og greiningarsviði menntamálaráðuneytisins foreldrum bréf þar sem þeim var boðið að koma skoðunum sínum á framfæri. Alls svöruðu 17 foreldrar með tölvupósti. Þá var ennfremur stuðst við foreldrakönnun frá því í febrúar 2008.

Þegar drög að úttektarskýrslu lágu fyrir voru þau send leikskólastjóra og rekstraraðila til yfirlestrar og þeim gefinn kostur á að gera athugasemdir.

Hér á eftir verður gerð grein fyrir niðurstöðum úttektarinnar.

Námskrá og leikskólastarf

Skólanámskrá á samkvæmt aðalnámskrá leikskóla að gefa heildaryfirlit yfir starfsemi leikskólans. Þar segir:

Aðalnámskrá leikskóla er lögum samkvæmt hugmyndafræðilegur grundvöllur og stefnumótandi leiðarvísir að uppeldisstarfi í leikskólum landsins. Á grunni aðalnámskrárinnar ber sérhverjum leikskóla að semja skólanámskrá þar sem gerð er uppeldis- og námsáætlun til lengri eða skemmri tíma. (Menntamálaráðuneytið, 1999)

Verður hér fjallað um skólanámskrá Hjalla og í framhaldi af því gerð grein fyrir daglegu lífi og starfi barna á leikskólanum.

Skólanámskrá

Leikskólinn Hjalli starfar eftir námskrá Hjallastefnunnar en hún byggir annars vegar á markmiðum aðalnámskrár leikskóla og hins vegar á hugmyndafræði og jafnréttisstarfi Hjallastefnunnar. Námskráin er í fjórum hlutum. Í fyrsta hlutanum eru sex meginreglur Hjallastefnunnar tilgreindar og útskýrðar. Í öðrum hluta er hugmyndafræði og starfsgrundvöllur stefnunnar kynnt og í þriðja hluta er fjallað um kynjauppeldi Hjallastefnunnar. Að lokum er í fjórða hluta greint frá hvernig markmið aðalnámskrár leikskóla eru fléttuð inn í leikskólastarfið. Annað hefti, sem er nokkurskonar fylgirit við námskrána, hefur að geyma starfslýsingar Hjallastefnunnar en þar er farið mjög gaumgæfilega í umhverfi og starfshætti út frá hugmyndafræðinni. Þriðja heftið, sem ennfremur er skilgreint sem hluti námskrár, er sjálfsmatshefti sem hefur að geyma upplýsingar um framkvæmd sjálfsmats í skólanum.

Í viðtali við Margréti Pálu, höfund Hjallastefnunnar og Guðrúnu leikskólastjóra Hjalla, kom fram að námskráin er nokkuð fastmótuð og notuð í öllum Hjallastefnuleikskólum.

Námskráin er að þeirra sögn mjög almenns eðlis og kynnir þau grunnviðhorf í uppeldi barna sem allir Hjallastefnuleikskólar verða að kunna og vinna samkvæmt. Er það til að tryggja samræmi á milli leikskóla svo allir sem velja Hjallastefnuleikskóla geti gengið að ákveðnu lágmarki. Námskráin, sem upphaflega varð til og þróaðist á Hjalla, hefur tekið breytingum að því leyti að viðbætur sem snúa að því að útfæra stefnuna hafa verið settar inn. Hugmyndafræðin hefur hins vegar haldið sér. Námskráin er að sögn Margrétar Pálu mjög opin og hver skóli hefur mikið sjálfstæði og frelsi til að útvíkka hana eftir sínu höfði og skapa sér þannig sérstöðu. Í því samhengi sagði hún: „Hjallastefnan er bara viðhorf, viðhorf til barna, viðhorf til lífsins og við erum með tillögu að útfærslu sem hefur reynst vel og allir okkar skólar nota hana að einhverju leyti en svo geta þeir líka leikið sér.” Í viðtölum við starfsfólk kom fram að þeim finnst þau geta haft áhrif á námskrána og þróun hennar og einn starfsmaður komst þannig að orði: „Hún [námskráin] er ekkert fullmótuð þannig, það fer eftir því hvernig við útfærum hana. Það erum við sem litum stefnuna.” Starfsfólkið var á einu máli um að skólanámskráin væri góður leiðarvísir í starfi og að þau hefðu frelsi til að þróa starfið innan þess skýra ramma sem Hjallastefnan skapaði þeim. Sumir töldu námskrána og starfslýsingarnar til helsta styrkleika leikskólans.

Námskráin er að mati skýrsluhöfunda vel unnin og skilmerkilega gerð grein fyrir þeirri hugmyndafræði sem liggur til grundvallar faglegu starfi á leikskólanum og hvernig áherslupættir í leikskólauppeldi samkvæmt aðalnámskrá eru uppfylltir. Starfslýsingar eru mjög nákvæmar og þar er auk lýsinga á innra starfi fjallað um hvernig samskiptum leikskóla og heimila skuli háttað. Í skólanámskrá og fylgiritum hennar er fjallað um alla þætti sem tilgreindir eru í aðalnámskrá nema samskipti leikskóla og grunnskóla og þróunarstarf í leikskólanum. Aðalnámskrá leikskóla er opin og hugmyndafræði Hjallastefnunnar rúmast vel innan hennar. Í vettvangsathugunum kom í ljós að hugmyndafræðin endurspegladist vel í daglegu starfi en það er einmitt viðfangsefni næsta kafla.

Daglegt líf í leikskólanum

Daglegt líf í leikskóla markast af föstum liðum sem lúta að umönnun barnanna (Menntamálaráðuneytið, 1999). Skipulag og fastar tímasetningar á daglegum athöfnum gefa leikskólastarfinu festu. Dagskipulag á Hjalla, með sveigjanleika fyrir hvern kjarna til að mæta þörfum ólíkra aldurshópa, er eftirfarandi:

- 7.30 Leikskólinn opnar
- 7.30 Valtími: börnin velja leikstöðvar þegar þau mæta
- 8.30 Morgunverður og samvera
- 9.00 Hópatími
- 10.30 Valtími hefst með valfundi og lýkur með samveru
- 12.00 Hádegisverður
- 12.30 Hópatími
- 13.30 Valtími hefst með valfundi og lýkur með samveru
- 15.00 Nónhressing
- 15.30 Valtími
- 17.30 Leikskólinn lokar

Dagskipulagið skiptist á milli hópatíma, sem eru kennarastýrðir, og valtíma, þar sem börnin velja sér svæði og leika frjálst þar. Skipting á milli hópatíma og valtíma á sér stað á eins og hálf tíma fresti. Stuttar samverur eru þrisvar á dag. Þar er meðal annars sungið, sögð saga og æfð framsögn. Undantekningar á dagskipulagi eru gerðar hjá yngri börnunum sem oftast hvíla sig eftir hádegismatinn.

Í matartímum borða starfsmenn með börnunum að sögn til að skapa þeim jákvæða fyrirmynd. Vettvangsathugun leiddi í ljós að börnin, sérstaklega þau eldri, voru þátttakendur í matartímanum að því leyti að þau aðstoðuðu við að leggja á borð, sóttu mat fram í eldhús ef vantaði og gengu frá diskunum sínum á vagn að matartíma loknum. Misjafnt var eftir hópum hvort börnin skömmtuðu sér sjálf á diskana eða ekki. Við matarborðið ríkti rólegt andrúmsloft.

Í fataklefanum er að sögn starfsfólks mikið lagt uppúr sjálfshjálpi barnanna og sam hjálpi þeirra á milli. Oft er það viðfangsefni í hópátíma að klæða sig í útiföt.

Hópatímar. Á hverjum kjarna eru þrjú hópar. Í hverjum hópi eru sömu börn og sami hópstjóri í heilt skólaár. Hóparnir eru aldurs- og kynjaskiptir en hver hópur á sinn fasta vínahóp af gagnstæðu kyni. Hóparnir hittast reglulega og þannig þjálfast stúlkur og drengir samskipti og vínáttu sín á milli. Yngri börnin eru fjögur til sex saman í hópi en þau eldri eru að hámarki tíu saman. Hópastarfið er skipulagt af hópstjóranum og þar eru námssviðin samkvæmt aðalnámskrá og kynjanámskrá tekin fyrir. Hópstjórinn er þátttakandi í verkefnum eða leik með börnunum á hópátíma. Hann ber ábyrgð á þeim börnum sem eru í hans hópi til dæmis hvað varðar foreldrasamvinnu og að leita eftir séraðstoð fyrir barn ef á þarf að halda. Ennfremur borðar hver hópur ávallt með sínum hópstjóra.

Starfsmenn voru ánægðir með fyrirkomulag hópátíma og voru sammála um að gott væri að hafa alltaf umsjón með sama hópnum. Þeir sögðu að það færi eftir einstaklingum með hversu miklum fyrirvara hópátímar væru skipulagðar, sumir sögðust skipuleggja viku í einu á meðan aðrir ákveða viðfangsefnin samdægurs.

Matsaðilar fengu að sjá fjölbreytta hópátíma. Til dæmis var verið „að fótamála“, gera ýmsar leikfimisæfingar í sal, hlaupa úti, snyrta útisvæðið og einn eldri drengjahópur hélt eurovisionveislu á Víðistaðatúni þar sem allir fengu pulsar og svo var dansað. Hópátímarnir virtust nokkuð vel skipulagðir.

Valtímar. Í valtíma eru alltaf sömu sjö þættirnir í boði á hverjum degi: útisvæði, leikstofa, kubbastofa, sullkrókur, fönðurkrókur, leirkrókur og kubbakrókur. Í upphafi valtímans er valfundur þar sem börnin velja sér viðfangsefni eitt og eitt í senn. Tilgangur valfunda er samkvæmt skólanámskrá að æfa réttlætishugsunina og jákvætt mótlæti og því er alltaf farið eftir ákveðinni röð þannig að það barn sem fyrst fær að velja á einum valfundi velur síðast á þeim næsta. Val hvers og eins er skráð á sérstakt valblað og síðan er það tekið saman mánaðarlega, sett upp í súlurit og hengt upp fyrir foreldra. Í

valtímum er starfsfólk til staðar en ekki þátttakendur í leik barnanna. Á Hjalla ræður frjáls leikur ferðinni í valtímum og er hann viðfangsefni næsta kafla.

Leikurinn

Í aðalnámskrá leikskóla kemur fram að hinn frjálsi og sjálfsprottnei leikur sé hið eðlilega tjáningarform barns og því hornsteinn leikskólastarfsins (Menntamálaráðuneytið, 1999). Þar segir ennfremur að ætla þurfi leiknum góðan og samfelldan tíma í dagskipulaginu og margvíslegan efnivið til skapandi starfa.

Skipulag dagsins á Hjalla gengur út á jafnvægi milli valtíma og hópatíma og því er barnið í frjálsum leik í um helming þess tíma sem það dvelur í leikskólanum. Þann tíma sem matsaðilar voru á ferð mátti sjá upptekin og ánægð börn í frjálsum leik og var allur gangur á hvernig þau notuðu það leikefni sem tilheyrði þeirra leiksvæði. Litlir drengir byggðu báta og turna úr kubbum og tóku svo myndir hver af öðrum með ímyndaðri myndavél. Teppi breyttust í skikkjur og púðar í verslanir, bolta og járnbrautir svo eitthvað sé nefnt. Ekki var annað að sjá en efniviðurinn nægði börnunum.

Sum leiksvæði, svo sem leik- og kubbastofa, buðu upp á mikið leikrými og þar voru börnin gjarnan að ærslast ýmist með eða án leikefnis. Önnur leiksvæði, svo sem föndur-, sull- og leirkrókur höfðu minna rými og þar voru leikirnir rólegri og leikefnið að fullu nýtt. Börnin voru yfirleitt sjálfum sér næg í leiknum og samskipti milli þeirra gengu oftast vel fyrir sig og án átaka. Athyglisvert var að sjá að ef upp kom óánægja eða ágreiningur milli barna þá lögðu hin börnin gjarnan til lausnir. Ef starfsfólkið þurfti að grípa inn í þá voru ákveðin orð notuð við börnin, svo sem orðin vinkona og vinur og börnin hvött til að leysa málin. Þetta endurspegladist greinilega í orðanotkun barnanna og má nefna að einn af eldri drengjunum sagði við annan „viltu færa þig kæri vinur“ þegar hann þurfti að komast fram hjá honum við matarborðið.

Aðspurð um hvort að hinn frjálsi leikur fengi nægilega mikið rými í daglegu starfi, taldi starfsfólkið svo vera. Var bent á að stundum væri frjáls leikur viðfangsefni hópatíma líka en þá með meiri þátttöku kennara. Almenn ánægja ríkti meðal viðmælenda með leikefnið og voru þeir á einu máli um að hinn opni efniviður efldi sköpunargleði og

hugmyndaflug barnanna og ýtti undir samleik þeirra. Viðmælendur sögðu að af því að efniviðurinn væri opinn þá gæti hann orðið hvað sem er og því nýttist hann börnunum betur til að vinna úr mismunandi reynslu. Starfsfólkið kvaðst aldrei hafa upplifað að börnunum fyndist vanta mótaðan efnivið. Ýmiss konar ítarefni er til taks ef þreyta eða óróleiki er kominn í börnin.

Sérþarfir barna

Í samræmi við reglugerð um starfsemi leikskóla er leikskólinn með samning við skólaskrifstofu Hafnarfjarðar um þjónustu vegna sérþarfa barna eða einstakra barna eins og þau eru nefnd á Hjalla. Getur skólinn því leitað eftir þörfum til sálfræðings, sérkennslufulltrúa og talkennara skólaskrifstofunnar með ráðgjöf, greiningar á börnum og úthlutun á tímum. Það er síðan Hjallastefnunnar að ráða starfsfólk til að sinna sérkennslu í leikskólanum. Hjá Hjallastefnunni er ennfremur starfandi sálfræðingur og talmeinafræðingur sem hægt er að leita til eftir þörfum.

Á grundvelli greiningar er búin til einstaklingsnámskrá. Það fer eftir þörfum hvers og eins hvernig unnið er með börnin en lögð er áhersla á að þau séu sem mest með sínum hópi inni á kjarna. Það skipulag sem leikskólastarfið byggir á er að sögn leikskólastjóra mjög gott fyrir hegðun barna vegna einfaldleika þess og stöðugra endurtekninga. Umhverfið heldur líka að hennar mati vel utan um börn sem glíma við vanda eins og athyglisbrest sökum þess hve lítið er af áreitum.

Námssvið leikskóla

Námssvið leikskóla eru áhersluþættir í leikskólauppeldi og samkvæmt aðalnámskrá leikskóla eru þau hreyfing, málrækt, myndsköpun, tónlist, náttúra og umhverfi, menning og samfélag (Menntamálaráðuneytið, 1999). Námssviðin skarast og eru samofin öllu starfi í leikskólanum. Í námskrá Hjallastefnunnar er gerð grein fyrir hvernig þessi námsvið fléttast inn í leikskólastarfið auk þess sem starfsfólkið var spurt í viðtölum hvernig það ynni með námsþættina. Hér verður fjallað um helstu aðferðir sem starfsfólk Hjalla notar til að koma til móts við þessi námssvið.

Í hópátímum er markvisst unnið með námssviðin og til stuðnings notar starfsfólkið svokallað *Talningarblað fyrir hópstarfið* þar sem námsþættirnir eru taldir upp og gefnar hugmyndir um hvernig hægt er að vinna að viðkomandi þætti. Hver hópstjóri skráir viðfangsefni síns hóps á talningarblaðið og metur síðan reglulega hvort hann sé að sinna öllum námssviðum. Á kjarnafundum er einnig farið yfir talningarblöð hópanna því endanlega er það á ábyrgð kjarnastjóra að hafa eftirlit með því að verið sé að fara í alla þætti.

Í viðtölum við leikskólakennara og leiðbeinendur kom fram að hver hópstjóri hefur mjög frjálssar hendur með starfið í hópátímum svo framarlega sem hann er að sinna öllum námsþáttum aðalnámskrár og starfa í samræmi við kynjanámskrá Hjallastefnunnar. Einn starfsmaður komst þannig að orði: „Við erum vel inn römmuð en ofboðslega frjálss inn í rammanum... á einhvern þægilegan og agaðan hátt.“ Ennfremur var bent á að stundum hefðu hópstjórar með sér samvinnu ef þeir ættu erfitt með að sinna einhverjum námsþætti, þá einfaldlega skiptu þeir um hóp og þannig nýttist styrkleiki hvers og eins fleiri börnum.

Hreyfing hefur að sögn Margrétar Pálu alltaf verið aðalsmerki Hjalla. Mikið er lagt upp úr hreyfingu enda býður hið náttúrulega umhverfi í kringum leikskólann upp á mikla möguleika. Ekki er skylduútvíst á leikskólanum en samkvæmt námskrá er lögð áhersla á að farið sé út í að minnsta kosti öðrum hópátíma dagsins. Í viðtölum við starfsfólkið kom fram að náttúran í kringum Hjalla er vel nýtt til hreyfingar, farið er í gönguferðir í hrauninu, niður í fjöru, hlaupið á Víðistaðatúninu og svo mætti lengi telja. Á leikskólanum er rúmgóður salur sem er mikið notaður til hreyfileikja í hópátímum og valkostir í valtíma fela allir í sér ýmist gróf- eða fínhreyfingar.

Þegar matsaðilar voru í heimsókn var útisvæðið vel nýtt og einnig var salurinn nýttur til hreyfingar í hópátímum. Farið var með hópa niður á Víðistaðatún og greinilegt var að þar voru börnin öllum hnútum kunn.

Málrækt fléttast inn í alla þætti leikskólastarfsins þar sem samskipti með tungumálinu eiga sér stöðugt stað. Markviss málrækt á Hjalla á sér einkum stað í gegnum sögur,

ævintýri, ljóð, þulur, rímleiki og þyngri söngtexta. Sérstök „hjállíska“ er töluð en hún felur í sér að sögn starfsfólks að íslensk orðatiltæki, málshættir og gömul orð eru markvisst notuð í samskiptum við börnin. Lögð er áhersla á að börnin tjái sig í mæltu máli og sem dæmi um það má nefna að í lok hvers valfundar standa þau fyrir framan hópinn og segja: „Ég valdi mér...“. Að mati skýrsluhöfunda var gaman að sjá hvað þetta var þeim eðlilegt.

Í aðalnámskrá leikskóla segir að nauðsynlegt sé að bækur séu hluti af daglegu umhverfi barna til að þau læri að njóta þeirra (Menntamálaráðuneytið, 1999). Þar segir enn fremur að ríka áherslu skuli leggja á að lesa fyrir börn efni sem hæfir þeirra þroska og að einnig eigi að segja börnum sögur og ævintýri frá eigin brjósti.

Bækur eru ekki hluti af daglegu umhverfi barna á Hjalla þar sem leikskólinn á ekki mikið af barnabókum og bækur eru ekki hluti af búnaði inni á kjörnunum. Engu að síður eru bækur notaðar á Hjalla að sögn starfsfólks og reglulega er farið á bókasafn til að fá lánaðar bækur, einkum með stærri börnin. Unnið er með bækurnar í hópatímum en í samverum er lögð áhersla á að kennarar segi sögur og ævintýri frá eigin brjósti til þess að fanga betur athygli barnanna. Starfsfólkið telur að með því að safna ekki bókum skapist meiri áhugi og virðing fyrir þeim af því að þær eru þá svo fágætar. Það er enn fremur mat þeirra að þau séu að sinna málræktinni mjög vel þó svo að bækur skipi ekki stóran sess í starfinu. Þá daga sem matsaðilar dvöldu á Hjalla voru engar bækur sjáanlegar. Sögur voru sagðar í samverum og börnin hlustuðu áhugasöm. Orðalag var misvandað en sögumenn héldu athygli barnanna. Að sögn starfsmanna er sögum ekki safnað á Hjalla og því ekki hægt að leita í gagnabanka hvað þetta varðar. Starfsmenn finna sjálfir upp þær sögur sem þeir segja börnunum, sumir leita í ævintýrin á meðan aðrir semja sínar eigin sögur.

Markvisst er unnið með lestur og ritun í elsta barnahópnum á Hjalla.

Myndsköpun fer fram bæði í hópatímum og valtímum. Í valtímum er boðið fast upp á föndurkrók og leirkrók, þar sem börnin meðal annars taka þátt í að búa til sinn eigin leir. Í hópatímum ræður sköpunargleði og hugmyndaauðgi kennara hvernig unnið er með

bennan námsþátt. Of langt mál yrði að telja upp hér þær aðferðir sem starfsfólkið sagðist nota í myndsköpun með börnunum en þau listaverk sem matsaðilar sáu á leikskólanum báru vott um fjölbreytni í efnisvali og sjálfstæða myndsköpun barnanna. Til að kynna börnunum listiðnað kvaðst starfsfólkið stundum fara með þau á listasöfn.

Tónlist er notuð mjög markvisst í leikskólastarfinu samkvæmt námskrá Hjallastefnunnar, bæði til hlustunar, við dans og aðra tjáningu, í leikjum og söng. Einu sinni í viku er söngfundur á Hjalla þar sem vinakjarnarnir hittast í sameiginlegri hálftrar klukkustundar söngstund sem leikskólastjóri stýrir. Á kjörnum er oft búið að æfa lög sem börnin flytja á söngfundum. Daglega er sungið í samverum inn á kjörnum og í hópastarfi er reglulega sungið eða hlustað á tónlistardiska og þá er tónlistin oft tengd hreyfingunni með dansi. Á hverjum kjarna eru hljóðfærakörfur með ólíkum hljóðfærum og í salnum er enn fjölbreyttari hljóðfærakostur. Öll börnin á leikskólanum taka þátt í sex vikna tónlistarnámskeiði sem er haldið einu sinni á ári.

Matsaðilar komu í sérstaka heimsókn á söngfund og var það einkar ánægjuleg upplifun. Börnin voru glöð og tóku þátt í söngnum og þar ríkti sérstök stemning þar sem leikskólastjóri stjórnaði og spilaði jafnframt á gítar.

Náttúra og umhverfi er annar námsþáttur sem frá upphafi hefur verið aðalsmerki Hjalla að sögn Margrétar Pálu. Einn starfsmaður talaði um að Hjalli væri „heppnasti skóli í heimi“ hvað umhverfið varðaði þar sem svo stutt væri í fjölbreytta náttúru svo sem hraun, fjöru og útivistarsvæði bæjarins á Víðistaðatúni. Auk þess að nota náttúruna og umhverfið mikið til vettvangsferða taka börnin þátt í að halda nánasta umhverfi leikskólans hreinu. Kjarnarnir skipta með sér svæðum úti til þess að halda við og lagfæra og í því felst meðal annars að hreinsa beð og sópa stétt. Starfsfólkið sagðist ennfremur sækja efnivið í náttúruna til að vinna með í myndsköpun barnanna.

Fram kom að rannsóknarvinna með börnunum er talsverð og felst meðal annars í náttúruskoðun lífríkis og ræktun. Aðspurð um tæki og tól til tilrauna, eins og lagt er til í aðalnámskrá leikskóla að séu til í leikskólum, sagði starfsfólkið að slík tæki hefðu verið til en óvissa ríkti um hvort svo væri enn. Ekkert væri því þó til fyrirstöðu að einföld

rannsóknartæki yrðu keypt ef einhver hefði hug á að nota þau í starfi. Bent var á í þessu sambandi að reynt væri að nýta sem mest þann efnivið sem til væri í leikskólanum, svo sem glös, skeiðar, rör, matarlit og fleira, sem tilraunadót af því að hugmyndafræðin gengi út á að vera ekki að sóa og menga náttúruna. Víða í leikskólastarfinu kemur þessi hugmyndafræði fram eins og til dæmis í föndurkrók þar sem hvert barn fær aðeins eitt blað og nýtir það allan valtimann.

Menning og samfélag. Eins og fram hefur komið er nágrenni leikskólans vel nýtt til vettvangs- og skoðunarferða og ennfremur eru að sögn starfsfólks ýmsar þjónustu- og menningastofnanir heimsóttar reglulega og nefndu þau þar bókasafnið, kaffihús, miðbæinn, Fjörð, listasafnið, Víðistaðkirkju og bæjarskrifstofur. Í þeim ferðum eru umferðarreglur kynntar.

Hefðir og hátíðahöld eru samkvæmt viðmælendum fastir liðir á Hjalla og má þar nefna jólaleikrit, sprengidag, bolludag og öskudagsskemmtun, vorhátíð og útskriftarferð elstu barna. Samfélagshugsunin endurspeglast ennfremur í umhirðu barnanna um umhverfið og þátttöku þeirra í þrifum og viðgerðum á búnaði leikskólans.

Samskipti við aðrar þjóðir eiga sér stað með ýmsum hætti í leikskólanum. Fólk af erlendum uppruna starfar bæði á kjörnum sem og í eldhúsi og í þrifum. Að sögn leikskólastjóra er mikið um heimsóknir erlendis frá. Enska er kennd á öllum kjörnum og utanaðkomandi kennari sem hefur ensku að móðurmáli sér um þá kennslu.

Í aðalnámskrá leikskóla er fjallað sérstaklega um að tölvur skuli vera til í leikskólanum (Menntamálaráðuneytið, 1999). Tölvur fyrir börnin hafa ekki verið til á Hjalla fram til þessa en leikskólastjóri sagði að það hefði verið til umræðu um tíma að foreldrafélagið gæfi leikskólanum fartölvu til samnýtingar fyrir eldri kjarnana fjóra.

Af framangreindu má ráða að markvisst er haldið utan um að öllum námssviðum samkvæmt aðalnámskrá leikskóla sé sinnt á Hjalla og fjölbreyttar aðferðir eru notaðar til að vinna að hverjum þætti.

Stjórnun og starfsumhverfi

Í viðtölum við leikskólastjóra og starfsfólk var leitað eftir upplýsingum sem lúta að stjórnun, starfsfólki og vinnuumhverfi þess. Verður hér vikið að nokkrum atriðum sem fram komu.

Stjórnun

Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri eru báðar menntaðir leikskólakennarar og eru í fullu starfi á Hjalla. Þeirra hlutverk er að sögn leikskólastjóra að halda utan um faglegt starf á leikskólanum, sjá um starfsmannahald og mönnun frá degi til dags, hafa yfirumsjón með sérkennslu og samskiptum við foreldra, vera í samskiptum við bæjar-yfirvöld og aðra Hjallastefnuskóla auk utanumhalds sem snýr að launaútreikningum, leikskólagjöldum og inntöku barna. Til vinnuhagræðingar skipta þær með sér verkum þannig að leikskólastjóri sér meira um samskipti út á við og aðstoðarleikskólastjóri hefur haldið meira utan um innra starf leikskólans, Hjallastefnuna og sérkennslumál. Að öðru leyti vinna þær sem stjórnunarteymi og eru að sögn leikskólastjóra báðar vel inn í öllum málum leikskólans.

Í samtali við leikskólastjóra kom fram að í Hjallastefnunni væri lögð áhersla á virka þátttöku stjórnenda í vinnu með börnunum til þess að þeir væru vel inn í því sem væri að gerast og nær starfsfólkinu sínu. Bæði leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri eru því hluta af sínum vinnutíma með fast hlutverk á einhverjum kjarna. Starfsmenn virðast bera mikið traust bæði til leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra. Þær mynda að sögn starfsfólks góða liðsheild, samvinna þeirra er góð og með ólíkum styrkleikum bæta þær hvor aðra upp. Starfsfólkið sagði þær vera mjög hvetjandi og duglegar að hrósa og jafnframt fljótar að bregðast við og leysa úr málum sem upp koma. Ef eitthvað kemur upp er það tekið upp á yfirborðið og rætt.

Kjarnastjórar eru á öllum kjörnum og þeirra hlutverk er að halda utan um faglegt starf á kjarnanum, að farið sé eftir starfslýsingum, aðalnámskrá leikskóla og Hjallanámskránni. Kjarnastjóri er ennfremur ábyrgur fyrir vikulegum tölvupósti til foreldra. Að sögn leikskólastjóra er ekki lögð áhersla á að kjarnastjórar séu yfirmenn því leitast er við að

hafa sem mest jafnræði meðal starfsfólks. Engu að síður eiga þeir „að vera með þetta glögga auga og sjá allt“ eins og hún orðaði það.

Starfsmannavelta

Stöðugleiki á leikskólakennurum og öðru menntuðu starfsfólki á leikskólanum er að sögn leikskólastjóra ágætur og ákveðinn kjarni þeirra hefur starfað lengi á Hjalla. Aftur á móti er meiri starfsmannavelta í hópi leiðbeinenda. Þá hefur Hjalli að sögn mátt sjá á eftir reyndum starfsmönnum yfir á aðra Hjallastefnuskóla. Þeir hafa þá kosið að breyta til og aðstoða við að byggja upp starf á nýjum vettvangi.

Leikskólastjóri nefndi að Hjalli búi vel að því leyti að hann er og hefur verið fullmannaður. Engu að síður er nokkur starfsmannavelta og sagði Margrét Pála hana vera helsta veikleika Hjalla, einkum eftir að leikskólinn stækkaði fyrir tveimur árum. Leikskólastjóri tók undir það og sagði ennfremur að upp hefðu komið einstaka erfið starfsmannamál þó slíkt væri undantekning. Þegar starfsfólk var innt eftir veikleikum í starfinu nefndu sumir þennan þátt og tiltóku að það tæki tíma að þjálfa og mennta nýtt starfsfólk í Hjallastefnunni sem hefði áhrif á og truflaði innra starf.

Fundir og boðskipti starfsmanna

Samkvæmt lögum um leikskóla (nr. 78/1998) skal leikskólastjóri halda reglulega fundi með starfsfólki um starfsemi leikskólans og velferð hvers barns. Einu sinni í mánuði hittast skólastjórar Hjallastefnuskólanna ásamt Margréti Pálu þar sem stöðug samvinna er á milli skóla Hjallastefnunnar. Starfsmannafundir á Hjalla eru níu á ári og sömuleiðis kjarnafundir en þeir eru haldnir í beinu framhaldi af starfsmannafundum. Einu sinni í viku hittast kjarnastjórar ásamt leikskólastjóra í hálf klukkustund til að ræða vikuna og skiptast á upplýsingum og á hverjum morgni er örstuttur skilaboðafundur þar sem kjarnastjórar og leikskólastjóri hittast og farið er yfir mætingu starfsfólks og lausnir fundnar ef um undirmönnun er að ræða. Leikskólastjóri sagði að starfsmannasíða á heimasíðu leikskólans væri ennfremur mikið notuð til að koma hagnýtum upplýsingum til starfsfólks.

Starfsrammi

Samkvæmt starfslýsingum Hjallastefnunnar vinnur starfsfólk eftir skýrum starfsramma. Í stuttu máli snýr hann að því að sami kennari gegnir sömu störfum inn á kjarna í fyrirfram ákveðinn tíma og það er ákvörðun hvers kjarna hve langur sá tími er og ræðst meðal annars af reynslu starfsfólksins og vinnutíma. Á sumum kjörnum er skipt mánaðarlega um hlutverk en á öðrum er skiptingin látin halda sér alla önnina. Er þetta gert til þess að verksviðin séu skýr og kennarinn nái sem bestu valdi á sínu hlutverki. Ennfremur er tilgangurinn að auka öryggi meðal barna, foreldra og starfsmanna.

Starfsmenn voru sammála um og lýstu mikilli ánægju með þessar skýru starfslýsingar og sögðu þær veita bæði þeim og börnunum öryggi. Eftirfarandi setning eins starfsmannsins var lýsandi fyrir viðhorf starfsmannanna almennt: „Við vitum öll að hverju við göngum og hvað við getum ætlast til af hvert öðru. Allt bara einhvern veginn gengur upp. Þessi samræmdu vinnubrögð finnst mér svo mikilvæg.“ Þá var bent á að þessar starfslýsingar hjálpuðu mjög afleysingafólki að ganga inn í störf á kjarnanum og einnig væri gott við undirmönnun á kjarna að vita hvaða störf starfsfólkið þyrfti að leysa í sameiningu.

Vinnuhlé starfsfólks eru á föstum tímum og er skilgreint í þeirra starfsramma. Fyrir hádegi fá starfsmenn fastan 30 mínútna samverutíma og 15 mínútur eftir hádegi. Viðmælendum fannst þetta gott fyrirkomulag og töldu það leggja grunninn að góðum starfsanda í húsinu.

Samskipti og starfsandi

Leikskólastjóri sagði að lögð væri sérstök áhersla á góðan starfsanda á Hjalla. Í samverum á kaffistofunni er ekki liðið illt umtal um fólk eða slúður og leitast væri við að hafa umræðuna sem mest á faglegum nótum. Í því sambandi benti hún á: „Við viljum að þetta sé vinnustaður sem ekki bara þiggur af starfsfólkinu heldur viljum við gefa því líka.”

Þeir leikskólakennarar og leiðbeinendur sem rætt var við voru á einu máli um sérstaklega góðan starfsanda og jákvætt andrúmsloft á Hjalla og töldu það til helstu styrkleika leikskólans. Þeir nefndu að ákveðin samskiptamenning væri ríkjandi sem væri mjög

jákvæð og sterk og tengdist beint þeim samskiptareglum sem börnunum eru kenndar. Í því samhengi var nefnt að þau væru dugleg að hrósa hvert öðru, mikið væri lagt upp úr hreinskiptni í samskiptum og að segja hlutina á elskulegan hátt. Í viðtölunum bar gleðin og hlýjan í starfsmannahópnum oft á góma og einn viðmælandinn tók þannig til orða: „Þegar ég mæti á morgnana þá mæti ég brosandí fólki, það eru brosandí börn, brosandí foreldrar. Það er bara allt sem maður vill fá út úr vinnunni.”

Um samvinnu innan starfsmannahópsins sögðu viðmælendur að það ríkti mikil samstaða og hjálpsemi. Fram kom í samtali við leiðbeinendur að þeir upplifðu mikið jafnræði í starfsmannahópnum þar sem einn væri ekki yfir annan hafinn og auðvelt væri að fá aðstoð og hjálp.

Starfsfólkið sagði að þeim gæfust fjölmörg tækifæri til að þróa sig og þroska í starfi og töldu sig hafa mikið svigrúm til að sækja námskeið eða nám af ýmsu tagi og upplifðu hvatningu frá stjórnendum til þess.

Sýn starfsmanna á leikskólastarfið var mjög skýr og einkenndist af mikilli trú á þá hugmyndafræði sem starfsemi leikskólans byggir á. Einn viðmælenda sagði að Hjalla-stefnan væri „mannbætandi samtök” svo mikið hefði hann eflst og þroskast í starfi sem og í einkalífi eftir að hann kynntist þessari stefnu.

Af framangreindu er ljóst að starfsmenn eru ánægðir með stjórnun leikskólans. Þeir töldu stjórnendur mynda gott stjórnunarteymi og skapa hvetjandi og jákvætt náms-umhverfi. Fundir og boðskipti eru í góðum farvegi og í samræmi við lög um leikskóla. Fram kom í viðtölum að starfsfólki finnst gott að vinna eftir þeim skýru starfslýsingum sem notaðar eru í leikskólanum og augljóst er að þær veita bæði öryggi og vinnuhagræðingu. Góður starfsandi, hjálpsemi og jákvætt andrúmsloft ríkir á leikskólanum að mati starfsfólks og geta matsaðilar tekið undir þá upplifun. Helsti veikleiki að mati stjórnenda og starfsfólks er starfsmannavelta meðal leiðbeinenda og áhrif hennar á innra starf skólans.

Samstarf heimila og leikskóla

Í reglugerð um starfsemi leikskóla (nr. 225/1995) og aðalnámskrá leikskóla (Menntamálaráðuneytið, 1999) er fjallað um mikilvægi samstarfs leikskóla og foreldra. Í aðalnámskrá kemur fram að mikilvægt sé að náíð samstarf og gagnkvæmt traust skapist milli heimilis og leikskóla. Þar eru sett fram sex markmið með foreldrasamstarfi sem í stuttu máli snúast um upplýsingar til foreldra um barnið og leikskólann, þátttöku foreldra í leikskólastarfinu og samvinnu og samskipti heimilis og leikskóla. Í starfslýsingum Hjallastefnunnar er tekin fram skýlaus ábyrgð kennara á að ná jákvæðum samskiptum við alla foreldra og að kennarar eigi að hafa frumkvæði að samskiptum við alla foreldra og gæta þess að spjalla reglulega við foreldra þeirra barna sem þeir hafa umsjón yfir.

Foreldrasamstarf

Að sögn starfsmanna er foreldrasamstarfið mjög gott og mikið. Alltaf er tekið á móti börnunum í fataklefa að morgni dags. Í fataklefa er bjalla sem foreldrar eru beðnir að hringja ef enginn starfsmaður er frammi til að taka á móti barninu. Í lok dags gefur starfsfólkið sér tíma til að spjalla í fataklefa ef foreldrar kjósa. Það vakti athygli matsaðila að margir foreldrar stoppuðu lengi og gáfu sér tíma til að spjalla saman þegar börnin voru sótt. Auk þessara daglegu samskipta eru foreldrar hvattir til að hringja, til dæmis ef þeir hitta sjaldan hópstjóra síns barns.

Formleg foreldraviðtöl eru tvisvar á ári og þá tekur hver hópstjóri viðtal við foreldra þeirra barna sem tilheyra hans hópi. Gátlistar um barnið eru hafðir til viðmiðunar í foreldraviðtölum. Tvisvar á skólaárinu eru fjölskyldumorgnar þar sem foreldrum er boðið upp á kaffi og veitingar um leið og komið er með barnið.

Önnur samskipti við foreldra fara fram með tölvupósti frá skólastjórnendum og jafnframt er vikulega sendur tölvupóstur frá kjarna barnsins þar sem foreldrar eru upplýstir um það sem gerst hefur í vikunni. Að sögn starfsfólks senda foreldrar gjarnan viðbrögð við föstudagspóstinum til baka og þannig fær starfsfólkið endurgjöf á sitt starf. Í fataklefa hvers kjarna er tafla sem notuð er til að koma daglegum upplýsingum á framfæri. Heimasíða leikskólans er notuð sem upplýsingamiðill til foreldra, þar eru til

dæmis fréttir af starfinu og eins geta foreldrar nálgast myndir af barninu sínu á læstri fjölskyldusíðu svo eitthvað sé nefnt. Árlega sendir leikskólinn einnig um sex til átta fréttabréf til foreldra.

Við leikskólann er starfandi foreldrafélag sem styður við leikskólastarfið með því að standa fyrir og kosta ýmsar fastar upptökur og námskeið yfir árið auk gjafa til barna. Ennfremur hefur foreldrafélagið gefið leikskólanum gjafir sem nýtast börnunum. Föst 400 króna greiðsla frá hverju barni rennur í sjóð foreldrafélagsins í hverjum mánuði.

Viðhorf foreldra

Allir foreldrar sem sendu inn umsögn um leikskólann létu í ljós mikla ánægju með hann og töluðu um að börnunum sínum liði vel þar og þau fengju að njóta sín sem einstaklingar. Starfsfólk og stjórnendur fengu ennfremur bestu ummæli og var í því sambandi bent á gott viðmót, góð samskipti og að ávallt væri vel tekið á móti börnum og foreldrum. Flestir foreldranna töluðu um jákvæðina sem ríkti í leikskólanum og einn nefndi að hún væri að sínu mati helsti styrkur leikskólans. Eitt foreldrið tók þannig til orða: „Ekki má gleyma jákvæðinni sem skín í gegnum allt og það er einhvern veginn allt „ekkert mál“. [...] Öllu er snúið á jákvæða vegu og lausn fundin á öllu.“ Að mati foreldra leggja starfsfólk og stjórnendur sig fram um að skila góðri þjónustu til foreldra og barna og leysa farsælega úr þeim vandamálum sem upp koma og í því samhengi var bent á gott aðgengi að leikskólastjóra. Eitt foreldri lét í ljós mikla ánægju með þá þjónustu að geta keypt 30 mínútna auka vistunartíma ef eitthvað kæmi upp á og sagði það minnka álag á foreldra.

Foreldrarnir lýstu mjög jákvæðum viðhorfum til þeirrar stefnu og starfsemi sem fram fer í leikskólanum. Þeir tiltóku að starfið í leikskólanum væri metnaðarfullt og vel skipulagt, aginn væri til fyrirmyndar, reglurnar einfaldar og börnin róleg. Nokkrir nefndu að börnin sín hefðu grætt á kynjaskiptingunni, aðrir lýstu yfir ánægju með mikla hreyfingu barnanna og einum fannst kostur hvað enskukennsla byrjaði snemma. Annar sagðist telja að lífsleikni væri það sem stæði upp úr í leikskólanum. Fram kom jákvæð afstaða til skólabúninganna og ánægja með góðan og hollan mat í leikskólanum. Eitt foreldrið

sagðist á degi hverjum keyra um langan vel til þess að börnin sín nytu þeirra forréttinda að eyða deginum á Hjalla í jákvæðu og uppbyggilegu umhverfi.

Í niðurstöðum foreldrakönnunar frá febrúar 2008 kom glögglega fram almenn ánægja foreldra með alla þætti sem spurt var um. Helst virtist vanta upplýsingar til foreldra þegar mannbreytingar eiga sér stað á kjarna barnsins.

Séu niðurstöðurnar hér að framan skoðaðar út frá markmiðum aðalnámskrár, reglugerð um starfsemi leikskóla og skólanámskrá Hjallastefnunnar má ráða að foreldrasamstarfi sé mjög vel sinnt á Hjalla.

Tengsl leikskóla og grunnskóla

Í aðalnámskrá leikskóla er talað um mikilvægi samstarfs á milli leik- og grunnskóla (Menntamálaráðuneytið, 1999). Í námskrá Hjallastefnunnar er ekki kveðið á um hvernig því samstarfi er háttað og var því sérstaklega leitað eftir því í viðtölum við leikskólustjóra og annað starfsfólk. Fram kom að mikið samstarf væri á milli Hjalla og grunnskóla Hjallastefnunnar sem er til húsa við hliðina á leikskólanum, mikill samgangur og heimsóknir á báða bóga. Ekki er um formlegt samstarf að ræða við aðra skóla, svo sem við hverfisskólana tvo sem eru í nágrenni Hjalla, Víðistaðaskóla og Engidalskóla. Það helgast að sögn leikskólustjóra einkum af því hve fá börn af Hjalla fara í þessa skóla. Meirihluti barnanna á Hjalla fer í grunnskóla Hjallastefnunnar við Hjallabraut. Hin börnin dreifast á flesta skóla í Hafnarfirði þar sem þau koma úr hinum ýmsu hverfum. Engu að síður sagði hún að farið væri með elstu hópana í óformlegar heimsóknir í nágrenna-skólana ef einhver í hópnum væri að fara í þá.

Elsti árgangur leikskólans er í skólahópi og byggir starfið þar á samvinnu við grunnskóla Hjallastefnunnar. Þannig fá 5 ára börnin þjálfun í stærðfræði, lestri, skrift og ensku. Byrjað er á stærðfræðikennslu að hausti og hún kennd í sjö vikna lotu og síðan er lestrarkennsla í sjö vikna lotu á vorönn. Enskan er kennd inn á milli í sex stuttum lotum. Enskukennslan einskorðast ekki við elstu börnin, heldur fá allir nemendur á leikskólanum að kynnst henni.

Í athugasemdum við frumdrög þessarar skýrslu óskuðu Margrét Pála og Guðrún leikskólastjóri eftir að bæta við að mikil áhersla væri lögð á að ræða og kynna alla grunnskóla sem fimm ára börnin stefndu á að hausti og heimsækja þá að vori. Það væri gert til að ekkert barn þyrfti að gjalda fyrir þá sérstöðu Hjalla að börnin dreifast á öll skólahverfi bæjarins þar sem um helmingur barna á Hjalla eru utan síns skólahverfis.

Mat og þróunarstarf

Í samræmi við aðalnámskrá var athugað í hvaða farvegi sjálfsmat leiksólans væri og hvort þróunarstarf ætti sér stað á leikskólanum.

Sjálfsmat

„Í reglugerð um starfsemi leikskóla segir að sérhver leikskóli skuli móta aðferðir til að meta uppeldisstarf, stjórnunarhætti og samskipti bæði innan leikskólans og utan.“
(Menntamálaráðuneytið, 1999)

Fyrir liggur sjálfsmatsskýrsla leikskólans Hjalla fyrir skólaárið 2007-2008. Þar kemur fram hvaða leiðir eru farnar til að meta ýmsa þætti í starfsemi leikskólans. Um er að ræða skráningu og utanumhald um val- og hópatíma sem þegar hefur verið fjallað um. Vikulega eru settar á heimasíðu leikskólans myndir af starfseminni sem veita innsýn í líðan og starf barnanna. Fyrir foreldraviðtöl eru fylltir út gátlistar um þroska og færni barnanna og haldið er utan um þau verk barnanna sem þykja hafa varðveislugildi í ferilmöppu sem kallast leikskólabókin mín.

Tvisvar sinnum á ári eru rafrænar viðhorfakannanir sendar til bæði foreldra og starfsfólks. Niðurstöður þeirra kannana eru birtar á heimasíðu leikskólans en með læstu aðgengi. Foreldrakönnun er aðgengileg bæði foreldrum og starfsfólki en starfsmannakönnun er aðgengileg starfsfólki eingöngu. Farið er yfir niðurstöður foreldra- og starfsmannakannana á starfsmannafundum og teknar ákvarðanir um viðbrögð við þeim. Ábendingum sem fram koma í foreldrakönnun er svarað á foreldrasíðu. Niðurstöður foreldrakönnunar eru ennfremur greindar eftir kjörnum og fjallar hver kjarni um sínar

niðurstöður á kjarnafundi. Formleg starfsmannaviðtöl fara fram einu sinni á ári í tengslum við starfsmannakönnun.

Árlega er gefin út ársskýrsla þar sem fjallað er um starfsemi undangengins árs auk útskýringar á hvernig leikskólinn uppfyllir áhersluþætti aðalnámskrár leikskóla. Ársskýrslan er opinbert plagg og afhent rekstraraðila og Hafnarfjarðarbæ. Hún er ekki aðgengileg á heimasíðu leikskólans. Að auki á sér stað óformlegt símat á ýmsum þáttum starfsins og segir í sjálfsmatsskýrslunni að slíkt mat hafi „löngum verið eitt helsta stolt Hjalla.“ (Hjallastefnan ehf. - Leikskólinn Hjalli, 2008) Um er að ræða meðal annars dagleg samskipti á milli leikskóla og foreldra í formi spjalls og tölvupóstsamskipta.

Aðalnámskrá leggur níu viðmið til grundvallar sjálfsmati leikskóla. Samkvæmt henni á matið að vera formlegt, altækt, áreiðanlegt, samstarfsmiðað, umbótamiðað, stofnana- og einstaklingsmiðað, lýsandi, greinandi og opinbert (Menntamálaráðuneytið, 1999). Segja má að sjálfsmat Hjalla uppfylli sum viðmiðin en þó ekki öll. Sjálfsmatið telst að mati skýrsluhöfunda *formlegt* þar sem aðferðir þess eru skýrðar í sjálfsmatsskýrslu og *altækt* þar sem allir helstu þættir leikskólastarfsins eru metnir. Matið tekur bæði til leikskólans í heild og þeirra einstaklinga sem þar vinna og er því bæði *stofnana-* og *einstaklingsmiðað*.

Ekkert bendir til annars en að matið sé byggt á traustum og fjölbreyttum gögnum bæði frá innra starfi leikskólans og úr viðhorfakönnunum. *Áreiðanleiki* er því með ágætum. Sjálfsmatið er að því er virðist í mjög föstum skorðum frá ári til árs og því má velta fyrir sér hvort það sé nægilega *samstarfsmiðað* með tilliti til virkrar þátttöku starfsfólks og foreldra við skipulagningu og undirbúning þess.

Í upphafi sjálfsmatsskýrslu er einkennum leikskólans, stefnu og markmiðum lýst í stuttu máli. Skýrslan er því *lýsandi*. Í skýrslunni er greint frá því að á starfsmannafundum og teymisfundum stjórnenda Hjallastefnuleikskóla sé fjallað um niðurstöður kannana til að meta styrkleika og finna úrbætur á því sem þörf er á. Sú greining kemur þó ekki fram í skýrslunni og má því segja að skýrslan sé upplýsandi um framkvæmd og úrvinnslu en ekki *greinandi*. Ennfremur er matið samkvæmt viðmiðum aðalnámskrár ekki nægilega

umbótamiðað þar sem áætlun um umbætur hefur ekki verið sett fram nema hvað varðar foreldrakönnun því viðbrögð við ábendingum í henni eru kynntar á læstri foreldrasíðu.

Niðurstöður sjálfsmats eru aðgengilegar fyrir starfsfólk og rekstraraðila leikskólans og hluti sjálfsmats er ennfremur aðgengilegur fyrir foreldra. Skýrsla um sjálfsmatið og niðurstöður þess hefur ekki verið gefin út né heldur birt á heimasíðu leikskólans. Matið getur því ekki talist *opinbert*.

Þróunarstarf

Þó ekki sé sérstaklega gerð grein fyrir þróunarstarfi í námskrá Hjallastefnunnar má ráða af viðtali við Margréti Pálu og Guðrúnu leikskólastjóra að heilmikið þróunarstarf hafi í gegnum árin átt sér stað á leikskólanum. Þær nefndu enskukennslu og tónlistar-námskeið sem dæmi um þróunarstarf sem hefði heppnast vel og fest sig í sessi á Hjalla og væri nú notað á öðrum Hjallastefnuleikskólum líka. Fram kom að á Hjalla væri í gangi verkefni sem snýr að því að þróa leikefni sem hefur fjölþætt notagildi í leirkrók. Reiknuðu þær með að niðurstöður þess kæmu til með að nýtast öðrum Hjalla-stefnuleikskólum líka.

Þrátt fyrir sameiginlega námskrá og hugmyndafræðilegan grunn eru skólar Hjalla-stefnunnar að vinna að ólíkum verkefnum og hugmyndirnar að viðfangsefnunum koma að sögn Margrétar Pálu yfirleitt frá starfsfólkinu sjálfu. Svo framarlega sem unnið er í sátt við hugmyndafræðina hafa skólarnir frelsi til að vinna að sínum hugðarefnum. Mikil áhersla er lögð á stöðugt þróunarstarf eins og Margrét Pála orðaði það: „Við lítum á okkur að við séum svona skuldbindandi alltaf í þróun, alltaf að bæta við.“

Samantekt og lokaorð

Við mat á starfi leikskólans Hjalla var skoðað hvort að starfsemi hans væri í samræmi við aðalnámskrá leikskóla frá 1999 þar sem hún er lögum samkvæmt sú faglega stefnumörkun um uppeldis- og menntunarhlutverk leikskóla sem íslenskum leikskólum ber að fylgja (Lög um leikskóla, nr. 78/1998).

Í heildina er það álit matsaðila að á Hjalla sé unnið gott og metnaðarfullt uppeldisstarf sem uppfyllir í meginatriðum þær áherslur sem fram koma í aðalnámskrá leikskóla. Þetta á við um skólanámskrána, leik og leikskólastarf, námssvið leikskóla, samstarf heimila og leikskóla, tengsl leikskóla og grunnskóla og innra mat á skólastarfinu. Starfið í leikskólanum endurspeglar vel námskrá leikskólans og hugmyndafræði Hjallastefnunnar. Markvisst er haldið utan um að öllum námssviðum samkvæmt aðalnámskrá sé framfylgt.

Styrkur leikskólans felst meðal annars í eftirfarandi þáttum:

- Skólanámskrá og starfslýsingar skapa skýra ramma. Starfsfólk upplifir fyrir vikið öryggi og festu án þess að frelsi þeirra í starfi sé skert.
- Að sjá eru börnin ánægð í leikskólanum, samskipti milli þeirra eru vinsamleg og þau hafa góðan og samfelldan tíma í frjálsan leik.
- Stjórnun skólans og fagleg forusta er góð. Stjórnendum tekst að skapa jákvætt og símenntandi starfsumhverfi.
- Á Hjalla vinnur áhugasamt og metnaðarfullt starfsfólk sem er samtaka og sammála um að starfa eftir hugmyndafræði Hjallastefnunnar.
- Starfsandinn er góður og samskipti milli starfsfólks, við börnin og foreldra einkennast af gleði, jákvæðni og samkennd.
- Foreldrasamstarfi er vel sinnt. Foreldrar eru ánægðir með áherslur í leikskólastarfinu og þjónustu leikskólans.
- Sjálfsmat leikskólans er vel á veg komið og uppfyllir viðmið aðalnámskrár að því leyti að það er formlegt, altækt, áreiðanlegt og stofnana- og einstaklingsmiðað og sjálfsmatsskýrsla er lýsandi.

Ábendingar um þætti sem betur mættu fara:

- Að mati stjórnenda og starfsfólks er helsti veikleiki leikskólans að starfsmannavelta meðal leiðbeinenda er nokkur. Tíma tekur að þjálfa og mennta nýtt starfsfólk í Hjallastefnunni sem hefur áhrif á og truflar innra starf.

Erfitt er að leggja til hvernig takast skuli á við starfsmannaveltu þar sem hún er hluti af þeim veruleika sem leikskólar á Íslandi búa almennt við. Mikilvægt er að stjórnendur haldi áfram að hlúa að því góða starfsfólki sem vinnur á Hjalla og að áfram takist að viðhalda þeim jákvæða starfsanda sem þar ríkir.

- Í aðalnámskrá leikskóla kemur fram að börnin þurfi að kynnast tölvum og læra að nota þær á sinn hátt og því eigi tölvur að vera í leikskólanum (Menntamálaráðuneytið, 1999). Sérstakar tölvur til notkunar fyrir börnin eru ekki til á Hjalla en starfsfólk hefur að einhverju leyti nýtt starfsmannatölvur í vinnu með börnunum. Fram kom í viðtali við leikskólastjóra að það væri á stefnuskránni að kaupa tölvu fyrir börnin og vilja matsaðilar leggja áherslu á að það verði gert til þess að tölvunotkun barnanna verði markvissari.
- Aðalnámskrá leggur ríka áherslu á að barnabækur þurfi að vera hluti af daglegu umhverfi barna og að mikilvægt sé að lesa fyrir börn efni við þeirra hæfi (Menntamálaráðuneytið, 1999). Börn búa við misjafnar aðstæður hvað þetta varðar heima fyrir og því er mikilvægt að leikskólinn sinni þessu hlutverki vel. Það er mat skýrsluhöfunda að bækur geti tæplega talist hluti af daglegu umhverfi barna á Hjalla þar sem engar bækur voru sjáanlegar þann tíma sem dvalið var á vettvangi og fram kom í viðtölum að skólinn ætti ekki mikið af bókum. Reglulega er þó farið með hóp á Bókasafn Hafnarfjarðar þar sem lesið er fyrir börnin og þau fá bækur að láni sem þau svo fara með á leikskólann. Þetta virðist þó ekki í föstum skorðum og undir hverjum hópstjóra komið hversu oft hann fer með sinn hóp.

Í viðtölum við starfsmenn kom fram að í stað mikillar áherslu á bóklestur sé á Hjalla lögð rík áhersla á að börnunum séu sagðar sögur og í aðalnámskrá er kveðið á um mikilvægi þess. Þetta tvennt þarf þó að fara saman í daglegu starfi eins og aðal-

námskrá bendir á. Matsaðilar leggja því til að stjórnendur og starfsmenn taki bóka-notkun á Hjalla til sérstakrar skoðunar og geri bækur sýnilegri í starfinu jafnframt því sem haldið verði áfram að segja börnunum sögur. Ef áfram verður kosið að nýta bókakost Bókasafns Hafnarfjarðar þarf að gæta þess að allir hópstjórar fari reglulega með sinn hóp á safnið.

Þar sem frásögnin skipar stóran sess í starfinu leggja matsaðilar jafnframt til að vel sé hugað að þjálfun starfsfólks hvað þetta varðar. Skólinn getur til dæmis komið sér upp bókasafni sem fyrst og fremst er hugsað fyrir starfsfólkið þannig að þeir sem óöruggir eru geti leitað fanga þar.

- Margrét Pála var beðin um að nefna helstu veikleika Hjalla. Hún taldi að það gæti orðið leikskólanum fjötur um fót að vera forystuskóli Hjallastefnunnar þar sem hann gæti orðið of fastheldinn á gamla arfleifð. Að fólk gæti orðið of nákvæmt gagnvart gamalli reglu í stað þess að fá nýjar hugmyndir og fara í breytingaferli út frá breyttum aðstæðum. Upplifun matsaðila í viðtölum við starfsfólk styður þessa hugmynd Margrétar Pálu þar sem það virtist vefjast fyrir sumu starfsfólki að nefna veikleika í starfinu. Trygglyndi starfsfólks gagnvart Hjallastefnunni getur orðið veikleiki ef það rýnir ekki nægilega til gagns í eigið starf. Þá má leiða að því líkum að neikvæð umfjöllun á árum áður um Hjallastefnuna hafi fest starfsfólkið í ákveðinni vörn um stefnuna. Matsaðilar leggja því til að gagnrýnin umræða um starfið meðal stjórnenda og starfsmanna verði aukin því þannig má stuðla að framþróun í starfi og lifandi námskrá. Sjálfsmat skólans, sem er umfjöllunarefni næsta liðar, getur einmitt nýst í því ferli.
- Leggja þarf áherslu á að sjálfsmat leikskólans verði meira samstarfsmiðað þannig að starfsfólkið taki bæði þátt í að ákveða hvað skuli metið og í að skipuleggja matið. Þannig má auka gagnrýna umræðu og hlutdeild starfsfólks í umbótastarfi. Sjálfsmatsskýrslan þarf að vera greinandi og opinber svo að aðilar sem ekki þekkja til starfseminnar geti á grundvelli gagna lagt dóm á það starf sem fram fer í leikskólanum.

Leikskólakennarar lýstu í rýnihópaviðtali yfir áhyggjum af því að þær stofnanir sem mennta leikskólakennara á Íslandi hefðu neikvætt viðhorf til Hjallastefnunnar. Þeir nefndu í því sambandi að þó svo að Hjallastefnan væri búin að festa sig í sessi á Íslandi þá væri engin kynning á henni í leikskólakennaranáminu og jafnframt væru almennt ekki sendir til þeirra nemar. Ekki verður tekin afstaða til þessara ábendinga hér en þessi úttekt á leikskólanum Hjalla gefur ekki tilefni til annars en að álykta að Hjallastefnan sé góður og fullgildur valkostur í leikskólauppeldi. Sjálfsagt er fyrir leikskólann að leita leiða til að styrkja sig út á við og skref í þá átt væri að gera sjálfsmat skólans meira opinbert eins og áður segir.

Umbótaáætlun er mikilvægur hluti af sjálfsmati. Slík áætlun hefur verið unnin í kjölfar foreldrakannana en mikilvægt er að gera umbótaáætlun fyrir alla matsþætti og fylgja henni eftir.

Hér hafa helstu styrkleikar leikskólans verið dregnir fram og settar fram ábendingar um það sem betur má fara. Það er von okkar sem framkvæmdum þessa úttekt að hún nýtist stjórnendum og starfsfólki leikskólans sem best til að gera góðan skóla enn betri.

Heimildaskrá

- Hjallastefnan. (ódagsett). *Starfslýsingar Hjallastefnunnar: Skráð vinnuferli*: Hjallastefnan.
- Hjallastefnan ehf. - Leikskólinn Hjalli. (2008). *Sjálfsmatsskýrsla leikskólans Hjalla skólaárið 2007-2008*: Hjallastefnan ehf.
- Hjallastefnan ehf. (2007). *Ársskýrsla 2006-2007*: Hjallastefnan ehf.
- Lög um leikskóla. (nr. 78/1998).
- Margrét Pála Ólafsdóttir. (2008). *Námskrá Hjallastefnunnar*: Hjallastefnan ehf.
- Menntamálaráðuneytið. (1999). *Aðalnámskrá leikskóla*. Reykjavík: Menntamálaráðuneytið.
- Reglugerð um starfsemi leikskóla. (nr. 225/1995).
- www.hjalli.is/hjalli. (2008). Sótt í maí og júní 2008

Viðaukar

Viðauki 1. Minnisatriði fyrir vettvangsathugunLeikurinn:

1. Fær leikur barnsins nægilega góðan og samfelldan tíma í dagskipulaginu?
2. Hvernig er umhverfið hlýlegt/aðlaðandi/öruggt/hreinlegt/þægilegt?
3. Hvernig er leikumhverfi barnanna hvetjandi/krefjandi?
4. Börnin í leik – áhugasöm/nýta leikmöguleika/notkun rýmis?
5. Er leikfangakostur vandaður og fjölbreyttur?
 - a. Efniviður til skapandi starfa
 - b. Ýmsar gerðir af verkfærum/tækjum og tólum til tilrauna
 - c. Búnaður til þykjustu- og hlutverkaleika
 - d. Kubbar og annað efni til byggingaleikja
 - e. Hljóðfæri
 - f. Tölvur
 - g. Inni og útileiktæki
6. eru námsgögn í góðu ásigkomulagi/staðsetning aðgengileg?
7. Örvar efniviður til hópleikja?
8. Hefur barnið tækifæri til að draga sig í hlé og vera í næði?
9. Hefur barnið möguleika á að skipta um leik þegar það er orðið þreytt í einum leik?
10. Kennarinn hvað er hann að gera?
11. Hvernig eru afskipti starfsfólks af leik barnanna? – Auka þau á fjölbreytni leiksins?

Lífsleikni:

1. eru vinnubrögð lýðræðisleg m.t.t. ákvarðana og vals barna?
2. Virða börnin reglur skólans/eru hegðunarreglur skýrar?
3. Hvernig gengur börnunum að leysa úr eigin málum og deilum?
4. Er réttur allra virtur?
5. eru samtöl starfsfólks við börnin þannig að þau byggi upp sjálfstraust þeirra og séu hvetjandi?
6. Er hlustað á það sem börnin hafa að segja?

Dagskipulag:

1. Er jafnvægi milli dagskrárliða

- a. Milli frjálsra og skipulagðra leikja
 - b. Milli hópstarfs og einstaklingsverkefna
 - c. Milli hvíldar og leiks
2. Taka kennarar þátt í borðhaldi?
 3. Hvernig er matartíminn – rólegur/hávaðasamur?
 4. Hjálpa börnin við undirbúning og frágang í matartíma?
 5. Hvernig er hreinlæti barnanna háttað?
 6. Hjálpar barnið sér sjálfst við að klæða sig í og úr?
 7. Er barninu heilsað í upphafi dags/kvatt í lok dags?

Námssviðin:

Hreyfing, málrækt, myndsköpun, tónlist, náttúra og umhverfi, menning og samfélag.

Viðauki 2. Viðtalsrammi fyrir viðtal við leikskólastjóraAlmennar upplýsingar um leikskólann – starfsfólk og börn:

1. Fjöldi starfsmanna á leikskólanum – starfsaldur, menntun, stöðugildi og starfsaldur á Hjallastefnuleikskóla.
2. Starfsmannavelta síðastliðið ár.
3. Fjöldi barna á leikskólanum – aldursdreifing, kynjadreifing og dreifing á deildir.

Leikskólastjórar:

4. Starfslýsing og hlutverk leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra.

Skólanámskrá og gerð hennar:

5. Hvernig var skólanámskrá leikskólans unnin – hver vann hana?
6. Hefur námskráin verið endurmetin og hvernig fer slíkt endurmat fram?
7. Hvernig er samstarfi höfundar Hjallastefnunnar og stjórnenda/starfsfólki háttað við símótun skólanámskrá Hjalla – eru ákvarðanir teknar innan eða utan skólans um breytingar á námskrá?
8. Getur starfsfólk leikskólans haft áhrif á skólanámskrána, gerð hennar og þróun?

Skipulag á deildum – starfslýsingar Hjallastefnunnar:

9. Samkvæmt starfslýsingum er skráð vinnuferli á kjörnum skýrt - í hverju er frelsi starfsmanna til ákvarðana inn á kjörnum fólgið?
10. Hvernig er ábyrgð háttað á kjörnum – starfssvið kjarnastjóra, hópstjóra?

Samstarf starfsfólks:

11. Samskipti stjórnenda og starfsfólks – hvernig er þeim háttað (dagleg samskipti - samskiptaleiðir - starfsmannaviðtöl)?
12. Kjarnafundir – starfsmannafundir – kjarnastjórafundir: hve oft eru fundir haldnir?

Foreldrasamstarf:

13. Hvernig er samvinna og samskipti við foreldra – taka foreldrar þátt í starfinu?
14. Viðbrögð leikskóla við viðhorfum og spurningum foreldra?
15. Fá foreldrar umsagnir um störf og framfarir barna sinna?
16. Er gert reglubundið þroskamat á börnunum til að fylgjast með framförum þeirra í þroska og námi? Hvernig fer það fram?
17. Hvað með börn og/eða fjölskyldur sem þurfa viðbótarstuðning?

Samstarf við nærsamfélag og hverfis-skóla:

18. Hvernig nýtir leikskólinn sér aðrar stofnanir í nærsamfélaginu (þjónustu- og menningarstofnanir)?
19. Hvernig er samstarfi við grunnskóla í nágrenninu háttað? (hverfis-skólarnir: Barnaskólinn við Hjallabraut, Víðistaðaskóli og Engidalsskóli)?
20. Er um gagnkvæmar heimsóknir að ræða á milli þessara skóla?

Styrkir og veikleikar innra starfs:

21. Hverjir eru að mati skólastjórnenda helstu styrkleikar leikskólans Hjalla m.t.t. innra starfs leikskólans?
22. Hverjir eru að mati skólastjórnenda helstu veikleikar leikskólans Hjalla?

Þættir í aðalnámskrá sem þarfnast nánari athugunar:

23. eru hljóðfæri – tölvur – bækur – ýmsar tegundir af verkfærum – og tæki og tól til tilrauna til á leikskólanum og aðgengilegar nemendum?

Viðauki 3. Viðtalsrammi fyrir rýnihópa með leikskólakennurum og leiðbeinendumKjarninn:

1. Hversu oft eru kjarnafundir og hvert er meginviðfangsefni þeirra?
2. Hvernig skipuleggið þið uppeldis- og menntastarfið með börnunum?

Skólanámskrá og gerð hennar:

3. Skólanámskrá Hjallastefnunnar – eruð þið meðvituð um hana og það sem stendur í henni?
4. Hvernig nýtist skólanámskrá Hjallastefnunnar ykkur í starfi?
5. Hafið þið komið að vinnu við skólanámskrána – takið þið þátt í umræðum um hana?
6. Upplifið þið að þið getið komið með hugmyndir að breytingum á námskrá – er kallað eftir sjónarmiðum ykkar?

Námssviðin (Hreyfing, málrækt, myndsköpun, tónlist, náttúra og umhverfi, menning og samfélag):

7. Hvernig skipuleggið þið hópastarfið?
8. Hvernig vinnið þið með námssviðin sem nefnd eru í aðalnámskrá – dæmi?
9. Hvernig er talningablað fyrir hópastarf notað – er eitthvað eftirlit eða sjálfsmat?
10. Fáíð þið stuðning og leiðbeiningar við skipulag á hópastarfi ef þið þurfið? Frá hverjum?

Hvernig er unnið með megináherslurnar í skólanámskránni:

11. Getið þið nefnt dæmi um hvernig þið vinnið með kynjanámskrána?
12. Hvert er viðhorf ykkar til kynjaskiptingarinnar?
13. Getið þið nefnt dæmi um hvernig þið vinnið með jákvæða aga og hegðunarkennslu?
14. Hvert er viðhorf ykkar til aga og hegðunarkennslu?

Skipulag á deildum – starfslýsingar Hjallastefnunnar – dagskipulag:

15. Samkvæmt starfslýsingum er skráðar starfslýsingar á kjörnum mjög skýrar og fastmótaðar - hvernig er að vinna eftir því?
16. Er dagskipulagið vel mótað að ykkar mati?

Efniviður og umhverfi:

17. Leikefni er opin efniviður – hver finnst ykkur reynslan vera – nægilega fjölbreytt?

18. Er nægt framboð af leik- og námsefni í samræmi við þarfir barnanna? – hvað með tæki og tól til tilrauna – verkfæri – tölvur?
19. Hvað með bækur – hafa börnin aðgang að bókum?

Samstarf starfsfólks:

20. Hvernig upplifið þið vinnuumhverfið og starfsandann (samkennd – stuðningur)?
21. Hafið þið möguleika á að þróa/proska ykkur faglega í starfinu?
22. Eruð þið metin að verðleikum – er sérfræðipækking ykkar nýtt?
23. Er mikið um veikindi og/eða fjarverur starfsfólks að ykkar mati – hvernig er það leyst?

Stjórnun:

24. Hvernig er samvinna og samskipti við stjórnendur?
25. Fagleg hæfni og forystuhæfni stjórnenda?
26. Fáid þið góðan faglegan stuðning?

Foreldrasamstarf:

27. Hvernig er samvinnu og samskiptum við foreldra háttað?

Kennsla:

28. Hvernig fer kennsla elstu barna fram?
29. Hvernig fer enskukennsla fram?

Samstarf við nærsamfélag og hverfisskóla:

30. Hvernig nýtir leikskólinn sér aðrar stofnanir í nærsamfélaginu (þjónustu- og menningarstofnanir)?
31. Hvernig er samstarfi við grunnskóla í nágrenninu háttað? (hverfisskólarnir: Barnaskólinn við Hjallabraut, Víðistaðaskóli og Engidalsskóli)?
32. Er um gagnkvæmar heimsóknir að ræða á milli þessara skóla?

Sjálfsmat:

33. Þekkið þið sjálfsmatsskýrslu Hjalla?
34. Takið þið þátt í sjálfsmati leikskólans og almennum umræðum um það?
35. Er rætt á starfsmannafundum hvað eigi að meta og hvernig?

Viðauki 4. Viðtalsrammi fyrir viðtal við Margréti PáluSkólanámskrá og gerð hennar:

1. Hvernig var skólanámskrá leikskólans unnin – hver vann hana?
2. Hefur námskráin verið endurmetin og hvernig fer slíkt endurmat fram?
3. Hvernig er samstarfi höfundar Hjallastefnunnar og stjórnenda/starfsfólks háttað við símótun skólanámskrá Hjalla – eru ákvarðanir teknar innan eða utan skólans um breytingar á námskrá?

Skipulag á deildum – starfslýsingar Hjallastefnunnar:

4. Samkvæmt starfslýsingum er skráð vinnuferli á kjörnum skýrt - í hverju er frelsi starfsmanna til ákvarðana inn á kjörnum fólgið?

Sjálfsmat:

5. Hvernig er unnið úr niðurstöðum sjálfsmats – innan eða utan leikskólans?
6. Er unnin formleg aðgerðaáætlun?
7. Hversu opinbert er sjálfsmatið?

Styrkir og veikleikar innra starfs:

8. Hverjir eru að þínu mati helstu styrkleikar leikskólans Hjalla m.t.t. innra starfs?
9. Hverjir eru að þínu mati helstu veikleikar leikskólans Hjalla m.t.t. innra starfs?

Viðauki 5. Tölvupóstur sendur á allt starfsfólk Hjalla

Ágæta starfsfólk á Hjalla,

Eins og ykkur er eflaust kunnugt erum við undirritaðar að gera úttekt á leikskólanum Hjalla á vegum menntamálaráðuneytisins. Liður í þeirri úttekt er að draga fram helstu styrk-og veikleika skólastarfsins. Þið sem starfið við skólann á hverjum degi og hafið nákvæma og góða þekkingu á innra starfi hans eruð best til þess fallin að leggja mat á þessa þætti og því leitum við til ykkar.

Það er von okkar að úttektin geti komið að sem bestum notum fyrir leikskólann þannig að niðurstöður þess geti stuðlað að því að gera góðan leikskóla enn betri. Við biðjum ykkur því að vera heiðarleg, gagnrýnin og uppbyggjandi í svörum ykkar.

Farið verður með öll svör sem trúnaðarmál og niðurstöður settar fram nafnlausar svo að ekki verði unnt að rekja svörin til einstakra starfsmanna.

Við óskum eftir að þið sendið okkur svör við spurningunum sem allra fyrst, eða fyrir mánudagsmorgun 16. júní, þar sem stefnt er að því að frumdrög matsskýrslunnar verði tilbúin í lok næstu viku. Svör sendast á tölvupóstfangið: bjorko@ismat.is eða með “reply” á þennan póst.

Með kæru þakklæti fyrir þátttökuna og sérstaklega góðar móttökur í heimsóknum okkar á Hjalla,

Björk og Sigríður

Spurningar:

- Hverjir eru að þínu mati helstu styrkleikar skólastarfsins á Hjalla?
- Hverjir eru að þínu mati helstu veikleikar skólastarfsins á Hjalla?